

Borholumælingar í Svartsengi vorið 1986

Guðjón Guðmundsson

Greinargerð GjG-86/01

BORHOLUMÆLINGAR Í SVARTSENGI VORIÐ 1986

Mælingar voru gerðar á vinnslusvæðinu í Svartsengi nokkru seinna en undanfarin ár eða í júní og júlí. Eru mælingarnar skráðar í töflu 1.

TAFLA 1 Mældir metrar

| Dagsetn. | hola | hiti | þrýst | körfumælingar | | | |
|----------|-------|------|-------|---------------|--------|--------|-----|
| | | m | m | 4 1/4" | 5 1/4" | 6 1/4" | 7" |
| 86.06.03 | SG-07 | 1381 | 1385 | | | | |
| 86.06.03 | SG-09 | 958 | | | | | |
| 86.06.05 | SG-08 | 1585 | | | | | |
| 86.06.05 | SG-11 | 1096 | | | | | |
| 86.07.09 | SG-05 | 1226 | | | 600 | | |
| 86.07.10 | SG-06 | 1949 | 1950 | 750 | 613 | 613 | 613 |

Niðurstöður hitamælinganna nú í sumar eru helstar að þær sýna 2° - 8°C kælingu frá upphaflegum berghita. Mest er kælingin í holu SG-06. Í töflu 2 er borið saman vegið hitastig fyrri ára (berghiti) og mælingarnar í desember 1985 og nú í sumar. (Tekið skal fram að hiti í holu SG-06 var 237-238°C neðan 1700 m í mælingunni nú í sumar). Ef það er niðurdælingin í holu SG-12 sem veldur kólnuninni kemur það vel heim við niðurdælingartilraunina sem var gerð 1984 að hennar gæti mest í holu SG-06. (Trausti Hauksson 1985)


TAFLA 2

| Hola | Bergh. | des `85 | sumar `86 | kæling |
|-------|--------|---------|-----------|--------|
| | °C | °C | °C | °C |
| SG-05 | 240 | 236 | 238 | 2 |
| SG-06 | 241 | 236 | 233 | 8 |
| SG-07 | 240 | 236 | 237 | 3 |
| SG-08 | 241 | 237 | 238 | 3 |
| SG-09 | 239 | 238 | 233 | 6 |
| SG-11 | 240 | 240 | 237 | 3 |

Holur SG-06 og SG-07 voru þrýstimældar. Mælingin í holu SG-06 var gerð 10. júlí og sýnir um 0,5 kg/cm² hækkun frá því desember sl. en mælingin í holu SG-07 sem gerð var í byrjun júní sýndi 0,5 kg/cm² lækkun frá desembermælingunni. Verður sú breyting vart talin marktæk þar sem hafa verður í huga mæliskekkju og árstíðasveiflu.

Körfumælingar voru gerðar á holum SG-05 og SG-06 í júlí (tafla 1). Í holu SG-05 er 7 5/8" leiðari og því var 6 1/4" körfu rennt þar niður í 600 m dýpi án fyrirstöðu. Ekki var farið dýpra vegna skemmda á leiðara þar fyrir neðan. Í holu SG-06 stoppuðu körfur sem voru 5 1/4" eða stærri í 613 m dýpi sem er nærri þeim stað er holan þrengist í 8 1/2" krónustærð. Karfa sem var 4 1/2" að sverleika fór hinsvegar í gegn og var rennt niður í 750 m dýpi án fyrirstöðu.

Agúst 1986



Guðjón Guðmundsson